

Lestur allt árið um kring

Við viljum minna alla foreldra/forráðamenn á mikilvægi þess að halda samfellu í lestrarþjálfun barna sinna allan ársins hring og stuðla þannig að aukinni lestrarfærni.

Þetta á við um öll börn en mismunandi leiðir má fara eftir aldri og áhugasviðum hvers og eins. Hægt er að lesa með börnunum og/eða fyrir þau, hægt er að aðstoða börnin við að finna áhugaverðar bækur á bókasafni, stuðla að því að þau hlusti á sögur fyrir svefninn eða á ferðalögum eða noti umhverfið til lesturs s.s. skilti, kort, tákn o.fl.



Mikilvægast er að hafa jákvæðni og gleði að leiðarljósi og gera lesturinn skemmtilegan og eftirsóknarverðan.

Bæklinginn: *Lestur er lykill að þekkingu og betri framtíð* er að finna á slóðinni: <http://www.namsgagnastofnun.is/pdf/lestur.pdf>

Gleðilegt **LESTRAR** sumar,
kennarar Vogaskóla